

**Í Háaleitisskóla leggjum við áherslu á að vinna með grunnþætti menntunar á eftirfarandi hátt:**

**Læsi** felst í færni nemenda í því að nota mörg táknerfi og miðla til þess að skapa merkingu og koma henni á framfæri.

**Heilbrigði og velferð** byggist á því að veita nemendum heilsusamlegt umhverfi, hvort sem horft er til líkamlegra, andlegra eða félagslegra þátta.

**Sjálfbærni** felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna ekki í lakara ástandi en við tókum við því. Menntun til sjálfbærni þarf að leggja áherslu á þekkingu og skilning á viðfangsefnum og hæfni til að leysa þau.

**Sköpun** styðst við að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir og vinnubrögð. Skipulag er opið, sveigjanlegt og má ná á milli námsgreina og jafnvel aldurshópa. Nemendur geta oft tekið sjálfir af skarið og haft um það að segja hvernig þeir leysa verkefni.

**Lýðræði og mannréttindi** leggur áherslu á að nemendur geti tjáð sig og rökstutt hugmyndir sínar frammi fyrir öðrum. Þeir þurfa að vera móttækilegir fyrir skoðunum annarra og kunna sig í samræðum/samvinnu með virkri hlustun, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Eflum jákvæðni, heiðarleika og styrkjum sjálfsmynd nemenda.

**Jafnrétti** er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda umburðarlyndis og jafnréttis.

**Lykilhæfni**

Lykilhæfni skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá grunnskóla. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Stefnt er að því að meta lykilhæfni að vori 2019 í öllum árgöngum.

**Tjáning og miðlun** - hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega eða á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

**Skapandi og gagnrýnin hugsun** - skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.

**Sjálfstæði og samvinna** - hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

**Nýting miðla og upplýsinga** - hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan. skapandi og gagnrýninn hátt.

**Ábyrgð og mat á eigin námi** - hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

## Bakgrunnsupplýsingar

Í 7. bekk eru 30 nemendur, 15 strákar og 15 stelpur. Umsjónarkennarar eru Anna D Hermannsdóttir og Snjólfur Marel Stefánsson. Þau kenna ensku, náttúrufræði, stærðfræði, dönsku, íslensku og samfélagsfræði. Aðrir fagkennararkennarar eru, Steinþór Snær Þrastarson (skólaíþróttir), Berglind Richardsdóttir (textílmennt), Silvia V. Björgvinsdóttir (sjónlistir), Óskar Birgisson (hönnun) og Snjólfur Marel Stefánsson (upplýsingartækni).

## Námshgreinar

### Íslenska

**Kennari: Anna D Hermannsdóttir og Snjólfur Marel Stefánsson** , 6 kennslustundir á viku.

#### Menntagildi

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

### Hæfniviðmið

#### Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemendur geti:

- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

## Lestur og bókmenntir

Að nemendur geti:

- lesið 120-190 orð á mínútu að vori
- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglिंगum
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga
- lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju

## Ritun

Að nemendur geti:

- skrifað læsilega, af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðferðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim
- lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda
- skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu

**Málfræði**

Að nemendur geti:

- gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það
- notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun
- nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
- notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins
- beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað
- nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta
- gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu

**Markmið nemenda**

Að nemendur geti:

- aukið lesskilning
- greint aðalatriði frá aukaatriðum
- lesið úr töflum og myndritum
- stafsett rétt
- þekkt hinar ýmsu stafsetningarreglur t.d.
  - upphafsstaf á eftir punkti
  - stórum og litlum staf
  - reglu um -n og -nn
  - reglu um ng- og nk
  - reglu um i, í, og y, ý
- búið til setningu - málsgrein - efnisgrein

- búið til og tekið í sundur samsett orð
- þekkt beygingarmyndir sagna
- þekkt samheiti - andheiti
- þekkt sérnöfn - samnöfn
- fallbeygt
- stigbreytt lýsingarorð (fst. mst. efst.)
- þekkt nútíð og þátíð sagna
- þekkt kyn (kk. kvk. hk.)
- fundið stofn orða
- þekkt tölu orða (et. ft.)
- skrifað tengda skrift og eftir forskrift
- þekkt fallorð (no. lo. fn. gr. to.)
- Fallorð - no., lo., fn., to., gr
- Fornöfn
- Fallbeyging (aðalfall og aukaföll)
- Veik og sterk beyging nafnorða
- þekkt upphaf, miðju og endi
- skrifað stuttan, skriflegan útdrátt úr lesnu efni
- þekkt nokkra málshætti og orðtök

### **Kennsluhættir**

Aukin áhersla verður lögð á lestur bæði í hraða, framsög og lesskilningi. Nemendur lesa flesta daga vikunnar í frjáltslestrarbókum. Nemendur lesa upphátt fyrir bekkinn sinn sem undirbúning fyrir „Stóru upplestrakeppnina”. Farið verður í lestrarspretti á skólaárinu. Nemendur eru prófaðir í raddlestri a.m.k. fjórum sinnum á skólaárinu. Markmiðið með prófi í raddlestri er að meta hversu villulaust og hratt nemandi getur lesið upphátt. Háaleitisskóli hefur sett sér viðmið í lestri. Í 7. bekk þurfa nemendur að geta lesið 280-350 atkvæði á mínútu að vori.

Nemendur lesa Gunnlaugssögu og Draugaslóð. Unnin verða verkefni úr hverjum kafla og þreyta nemendur svo könnunarpróf og skrifa ritgerð.

Nemendur vinna ýmis ritunarverkefni heima og í skólanum. Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð. Stafsetningin er æfð þannig að nemendur læri reglur. Nemendur þjálfa góða rithönd og æfa ítalska skrift.

Námsefni fyrri ára rifjað upp, þar að auki verður farið í alla fornafnaflokkana. Nemendur þjálfaðir í notkun handbóka s.s. orðabókar og réttitunarorðabókar. Nemendur þurfa að kunna skil á eftirfarandi fallorðum og þáttum innan þeirra: nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, eignarfornöfn, afturbeygt fornafn, ábendingarfornöfn, tilvísunarfornöfn, spurnarfornöfn, óákveðin fornöfn, föll, kyn, tölu, fallgreiningu, greinir, skammstafanir og töluorð.

### **Námsgögn**

- Töfraskinna
- Fallorð
- Draugaslóð
- Gunnlaugssaga
- Skrift 7
- Orðspor 3
- Stafsetning, ritreglur og æfingar
- Ljósrituð lesskilningsverkefni

### **Námsmat**

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í leiðsagnarmat, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, kannanir, framsögn o.fl., og lokamat þar sem hæfni nemenda er metin eftir kennslulotu. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Stærðfræði

**Kennari:** Anna D Hermannsdóttir og Snjólfur Marel Stefánsson 6 kennslustundir á viku.

### Menntagildi

Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hún er þannig ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag. Hún er jafnframt tæki til að hafa áhrif á hvoru tveggja.

### Hæfniviðmið

#### Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að nemendur geti:

- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hafi innsýn í hvers konar svara má vænta
- leyst stærðfræðiþrautir með því að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu
- sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi
- sett fram einföld óformleg og formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlega og skriflega röksemdir settar fram af öðrum

### Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- tjáð sig munnlega og skriflega um stærðfræði
- unnið og leyst stærðfræðiþrautir á margvíslegan hátt
- lesið úr og búið til töflur og myndrit
- notað óformleg og formleg stærðfræðileg rök

### Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Að nemendur geti:

- notað óformlega framsetningu annarsvegar og táknumál stærðfræðinnar hinsvegar og sýnt að þeir skilji innbyrðis tengsl þeirra
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknumáls og daglegs máls



- sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna
- valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínur, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum

### **Markmið nemenda**

Að nemendur geti:

- notað myndmál og texta
- lagt saman, dregið frá, margfaldað og deilt
- þekkt algebru, prósentur og einfaldar formúlur
- notað ólíkar leiðir við lausnir verkefna
- notað t.d. talnalínur, vasareikni og tölvur

### **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar**

Að nemendur geti:

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum
- rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni
- lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda
- þekkt helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsingar, vinna úr þeim og finna lausn
- áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum

### **Markmið nemenda**

Að nemendur geti:

- notað fjölbreyttar lausnaleyðir
- rannsakað og rökrætt stærðfræðileg verkefni
- unnið með stærðfræðihugtök

- kynnt stærðfræðiverkefni
- tekið þátt í hópvinnu
- unnið verkefni sem tengjast daglegu lífi

### Tölur og reikningur

Að nemendur geti:

- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman
- notað tugakerfisrithátt og sýnt að þeir skilji sætiskerfið
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að þeir skilji sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniáðgerðanna og notað algengar reiknireglur s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu

### Markmið nemenda

Að nemendur geti:

- raðað og borið saman ræðar tölur
- notað talnahús
- skilið muninn á almennum brotum, tugabrotum og prósentum
- notað hentugar aðferðir við brotareikning

### Algebra

Að nemendur geti:

- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar
- fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði

- notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum

### **Markmið nemenda**

Að nemendur geti:

- notað algebru til að finna óþekkta stærð t.d. í rúmfræði og talnamynstri
- fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum
- leitað að óþekkttri stærð

### **Rúmfræði og mælingar**

Að nemendur geti:

- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn
- notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum
- rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn
- notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti

### **Markmið nemenda**

Að nemendur geti:

- þekkt hugtök og aðferðir rúmfræðinnar
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form
- notað viðeigandi mælikvarða
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða
- skilið á hnitakerfi
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti

**Tölfræði og líkindi**

Að nemendur geti:

- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim
- sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum
- dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur
- reiknað út líkur í einföldum tilvikum

**Markmið nemenda**

Að nemendur geti:

- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim
- sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum
- dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur

**Markmið nemenda****Reikniaðgerðir og reiknikunnátta**

- samlagning og frádráttur að milljón
- reikna með einföldum neikvæðum tölum (hitastig, sjávarmál o.fl.)
- forgangs röðun aðgerða 1) svigi 2) margf./deiling 3) plús/mínus
- deiling með tugum
- tugabrot + og - (athuga stöðu kommu)
- tugabrot, margföldun og deiling með heilli tölu og tugabroti
- samlagning og frádráttur heilla talna og samnefndra brota
- lenging og stytting almennra brota

**Hlutföll og prósentur**

- finna hluta af heilum tölum t.d.  $\frac{2}{5}$  af 20
- geta reiknað heiltöluprósentur af heilum stærðum
- skilja prósentuhækkun og -lækkun
- mæla vegalengdir á landakorti í algengum mælikvarða t.d. 1:10000
- geta unnið með hlutföll t.d. uppskriftir og fleira

**Mynstur og algebra**

- sjá reglu út frá talnarunu  $1 - 3 - 6 - 10$
- geta leyst einfaldar jöfnur með einni óþekktri stærð og skilji
- hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir

**Rúmfræði og mælingar**

- reikna rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga
- kynnast tengslum rúmmáls mældu í  $\text{cm}^3$  og ml,  $\text{dm}^3$  og l
- þekkja flutning s.s. hliðranir, speglanir og snúninga
- þekkja rétthyrnda, jafnarma og jafnhliða þríhyrninga
- mæla og teikna horn að næstu heilu gráðu
- teikna þríhyrninga með gefnum stærðum
- geta unnið með þvermál, geisla og  $\pi$  (pí)

**Tölfræði og líkur**

- þekkja hugtökin meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- vita að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur
- safna gögnum, flokka þau og svara spurningum út frá þeim

**Kennsluhættir**

Í Stiku nemendabók fylgjast nemendur að mestu leiti að, en takast á við námsefnið á eigin forsendum. Unnið er eftir gátlista sem unninn er upp úr Aðalnámskrá grunnskóla. Í æfingabók og aukabókum fara nemendur á eigin hraða. Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. sýnikennslu, beina kennslu, utanbókarnám, samræðuaðferðir, þrautalausnir og kannanir.

**Námsgögn**

- Stika 3a og 3b, nemenda- og æfingabók
- Ljósrituð hefti

**Námsmat**

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í leiðsagnarmat, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, kannanir, framsögn o.fl., og lokamat þar sem hæfni nemenda er metin eftir kennslulotu. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Erlend tungumál

**Kennari:** , Anna D Hermannsdóttir og Snjólfur Marel Stefánsson 6 kennslustundir á viku.

### Menntagildi

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Umfjöllun um aðrar þjóðir og kynni af þeim opna gáttir að fjölbreyttum menningarheimum, auka víðsýni, skilning, umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum og ólíkum lifnaðarháttum og stuðla þar með að betri skilningi á eigin menningu. Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér skilning á ólíkum lífskjörum og tilfinningu fyrir félagslegum og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum.

Enska gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfu um enskukunnáttu. Hún veitir innsýn í fjölbreyttan menningarheim þeirra þjóða sem hafa ensku sem fyrsta mál og þjóða þar sem enska hefur stöðu annars máls. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt að hafa gott vald á henni þegar í háskólanám er komið.

Annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla er danska eða annað Norðurlandamál. Gert er ráð fyrir að danska sé allra jafna það norræna tungumál sem kennt er í skólum hér á landi.

### Hæfniviðmið

#### Hlustun

Að nemendur geti:

- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingar í eigin verkefni
- fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt
- hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum

- fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta

### Lesskilningur

Að nemendur geti:

- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta
- skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi t.d. af myndum
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga
- skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu

### Samskipti

Að nemendur geti:

- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- skipst á upplýsingum og skoðunum skólasystkini og kennara um efni tengt náminu
- tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf
- bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum

### Frásögn

Að nemendur geti:

- flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða framsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra
- sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt
- endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- lesið upp sögu eða texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa



**Ritun**

Að nemendur geti:

- skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst
- samið stuttan texta með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín

**Menningarläsi**

Að nemendur geti:

- sýnt fram á að þeir þekki nokkuð til ytri umgjörðar menningarsvæðisins s.s landafræðilegrar legu, staðháttu og þekktara svæða
- sýnt fram á að þeir þekki til þátta sem einkenna barna-og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra
- sýnt fram á að þeir átti sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra

**Námshæfni**

Að nemendur geti:

- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið t.d. nýtt sér titil í texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki
- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir eru að segja
- nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar
- nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu

**Kennsluhættir í dönsku**

Í upphafi dönsku kennslu er lögð áhersla á talað mál og hlustun. Unnið er með bókina Start, lestrarbók og vinnubók. Ekki verður lögð mikil áhersla á málfræði heldur að ná upp góðum orðaforða. Reynt verður að vekja áhuga nemenda á tungumálinu með því fræða þau um menningu Dana og víkka þannig sjóndeildarhring þeirra. Unnið verður með lestaráðferðina, aðferð við að hlusta og skilja, aðferðir við að gera sig skiljanlegan og taka þátt í samræðum.

**Kennsluhættir í ensku**

Í ensku er unnið samhliða með 4 þætti tungumálsins: lestur og lesskilning, samskipti og ritun, talað mál og hlustun. Mikil áhersla verður lögð á hlustun en einnig á lestur og lesskilning. Nemendur fá margvíslega lestexta sem þeir ýmist lesa sjálfir eða hlusta á upplestur. Síðan er unnið með lesskilning í tengslum við textana. Unnið verður markvisst með grunn málfræði-æfingar og rétta ritun orða. Kennsluaðferðir eru margvíslegar og verða nemendur hvattir til að tala ensku í kennslustundum og kennari mun að einhverju leyti tjá sig á ensku svo nemendur þjálfist í hlustun ásamt því sem þau hlusta hvert á annað, upplesna texta af hljóðdiskum, tónlist o.fl.

**Námsgögn í dönsku**

- Start lesbók og vinnubók,
- orðabók, ljósrít, tónlist, danskir þættir og kvikmyndir sem talsettar eru á dönsku.

**Námsgögn í ensku**

- Action lesbók og vinnubók 1 og 2
- Amazing animals lesbók og vinnubók
- The Elephant Man lesbók og verkefnahefti

**Námsmat í dönsku**

Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

**Námsmat í ensku**

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í leiðsagnarmat, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, kannanir, framsögn o.fl., og lokamat þar sem hæfni nemenda er metin eftir kennslulotu. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Náttúrugreinar

**Kennari:** Anna D Hermannsdóttir og Snjólfur Marel Stefánsson, 3 kennslustundir á viku.

### Menntagildi

Undir náttúrugreinar heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðfræði, lífvísindi og umhverfismennt. Náttúrugreinar leggja áherslu á vísindalæsi. Í því fellst að nemendur geti lesið texta um náttúrvísindi sér til gagns, notað hugtök úr náttúrugreinum í daglegu lífi og skilið náttúruleg og mannleg fyrirbæri. Auk þess geri þeir sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

### Hæfniviðmið

#### Hæfniviðmið um verklag

#### Geta til aðgerða

Að nemendur geti:

- greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra
- tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að veга og meta ólíka kosti

### Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Að nemendur geti:

- fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru
- unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri áætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi
- fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans

### Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Að nemendur geti:

- útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks
- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum

### Vinnubrögð og færni

Að nemendur geti:

- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni

- beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldrar upplýsinga innan náttúru vísinda og útskýrt ferlið
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, netið og aðrar upplýsingaveitur
- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra

### **Ábyrgð á umhverfinu**

Að nemendur geti:

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni

### **Hæfniviðmið um viðfangsefni**

#### **Að búa á jörðinni**

Að nemendur geti:

- framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, rofi og himingeimnum

### **Lífsskilyrði manna**

Að nemendur geti:

- útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu
- gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun

### **Náttúra Íslands**

Að nemendur geti:

- útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð
- lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland

### **Heilbrigði umhverfisins**

Að nemendur geti:

- gert grein fyrir notkun manna á auðlindum
- dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita
- lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna

**Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu**

Að nemendur geti:

- lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar
- lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi

**Kennsluhættir**

Nemendur lesa námsefni með kennara og vinna fjölbreytt verkefni, einstaklings og hópa. Notaðar verða verklegar æfingar, athuganir og tilraunir. Lögð verður áhersla á að efla sjálfstæð vinnubrögð, umræður, gagnrýna hugsun og vísindalæsi.

**Námsgögn**

- Auðvitað 2
- Auðvitað 3, valdir kaflar
- CO<sub>2</sub> framtíðin í okkar höndum

**Námsmat**

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í leiðsagnarmat, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, kannanir, framsögn o.fl., og lokamat þar sem hæfni nemenda er metin eftir kennslulotu. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Samfélagsgreinar

**Kennarar: Anna D Hermannsdóttir og Snjólfur Marel Stefánsson**, 4 kennslustundir á viku.

### Menntagildi

Undir samheiti samfélagsgreina er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnin hátt. Markmið þeirra er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Einnig að nemendur tileinki sér réttssýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

### Hæfniviðmið

#### Reynsluheimur

**Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann**

Að nemendur geti:

- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi
- skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú
- fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta
- gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvísilegum gögnum og miðlum
- notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni
- lýst náttúruferlum, sem hafa áhrif á land og gróður
- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga
- rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu
- metið heimilir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð

- dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægjar
- greint hvernig saga birtist í textum og og munum, hefðum og minningum
- lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks
- rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs
- gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims
- borið saman valin trúar- og lífsviðhorf
- nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélög
- gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra
- lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagsþátta
- gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins
- gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu
- lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga
- sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og séu læsir á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið

## Hugarheimur

### Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Að nemendur geti:

- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu
- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund
- áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótast og breytast
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum
- vegið og metið áhrif fyrirmynnda og staðalmynda, hvernig vinna megir með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt
- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun
- tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti

- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gangrýna afstöðu til þeirra
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum
- sett sér markmið

## Félagsheimur

### Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

Að nemendur geti:

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga
- tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum
- tekið þátt í samfélagsmálum og ábyrgan hátt
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju

## Kennsluhættir

Bækurnar eru lesnar bæði heima og í skóla og eru verkefni unnin samhliða því. Nemendur lesa upphátt fyrir hvort annað úr námsefninu og ígrunda það sem þau hafa lesið. Umræður um námsefnið ásamt því að nemendur vinna verkefni sem tengist viðkomandi kafla og bók.

Nemendur fá að þroska hæfni sína til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra um efnið sem unnið er með og vinna síðan saman í litlum hópum eða pörum að lausn verkefna. Orð og hugtök eru útskýrð og rædd. Tekin er afstaða til álitamála út frá ólíkum sjónarhornum og lögð er áhersla á tjáningu frammi fyrir bekk. Einnig munu nemendur notast við fræðslumyndir og



fást við viðfangsefni tengd daglegu lífi. Í skólabyrjun verða bekkjarreglur þúar til ásamt því að unnið er með innleiðingu á PBS agakerfinu sem er stuðningur við jákvæða hegðun. Nemendur læra einkunnarorðin í PBS, ábyrgð - samvinna - tillitssemi.

### Námsgögn

- Evrópa – lesbók og vinnubók
- Ég, þú og við öll
- Maðurinn og trúin, valdir kaflar
- Vinum saman í skólastofunni
- PBS fræðsla

### Námsmat

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í leiðsagnarmat, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, kannanir, framsögn o.fl., og lokamat þar sem hæfni nemenda er metin eftir kennslulotu. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

### Upplýsinga- og tæknimennt

**Kennari:** Snjólfur Marel Stefánsson, 1 kennslustund á viku.

### Hæfniviðmið

#### Vinnulag og vinnubrögð

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum
- nýtt sér rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám
- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- beitt réttri fingrasetningu
- lært að geyma upplýsingar og gögn með skipulögðum hætti á tölvutæku formi
- lært að temji sér ákveðnar umgengnireglur við tölvur, m.a. í tölvuveri

### Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Að nemendur geti:

- nýtt sér fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi
- nýtt sér rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- verið gagnrýnir á gæði ýmissa upplýsinga
- unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá
- nýtt sér hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða
- nýtt sér hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum

### Tækni og búnaður

Að nemendur geti:

- lært að kveikja á tölvu, skrá sig inn á tölvuna og ganga rétt frá henni að lokinni notkun
- notað hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra ganga
- notað hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu

### Sköpun og miðlun

Að nemendur geti:

- rætt og útskýrt á gagnrýnin hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi
- nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt

### Siðferði og öryggismál

Að nemendur geti:

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu
- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og verið meðvituð um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum

### Kennsluhættir

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara. Sýnikennsla, kennari sýnir á skjávarpa hvernig eigi að vinna verkefni. Reynt verður eftir mætti að samþætta upplýsingatækni og aðrar námsgreinar eins og hægt er yfir veturinn.

**Námsgögn**

- Tölvubúnaður
- Verkefni á Nams.is fyrir 5.-7. bekk
- Ritvinnsluforritið Microsoft Office Word,
- Framsetningarforritið Microsoft Office Power Point
- Reikniforritið Microsoft Office Excel
- Ýmiskonar æfingarefni af veraldarvefnum
- Kenna nemendur að setja upp ritgerð og jafnvel gera eina í Word

**Námsmat**

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið og einkunn að vori er lokið eða ólokið.

**List og verkgreinar****Menntagildi**

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta list- og verkmenningar. Þátttaka og þjálfun í gagnrýnni umræðu um handverk og listir veitir nemendum einnig aðgang að menningarorðræðu samfélagsins.

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuáferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar. Þar fá þeir tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkamann í tíma og rúmi og tengja þannig milli hugmyndar, verka og hluta.

List- og verkgreinar geta auðveldað nemendum við lok grunnskóla að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms.

## Heimilisfræði

**Kennari:** Björk Sverrisdóttir, 2 kennslustundir einu sinni í viku, nemendur eru í hringekju og koma í í 8-9 skipti í hvert í hvert list og verkgreina fag.

### Hæfniviðmið

#### Matur og lífshættir

Að nemendur geti:

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar
- tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi
- gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd
- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- hagnýtt þá leikni sem þeir hafa öðlast í einföldum verkefnum
- unnið einföld verkefni í hópi
- gengið frá eftir vinnu sína

#### Matur og vinnubrögð

Að nemendur geti:

- matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli og eldhúsáhöld
- greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau
- nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla

**Matur og umhverfi**

Að nemendur geti:

- tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla
- skilið og rætt mismunandi umbúðarmerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau

**Matur og menning**

Að nemendur geti:

- tjáð sig um ólíka siði og venjur og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð

**Kennsluhættir**

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirætlum frá kennara. Sýnikennsla, kennari sýnir hvernig eigi að vinna verkefni, hópverkefni, nemendur vinna saman í hóp að komast að lokaafurð, sýni tillitsemi og góða samvinnu. Vinnubókarkennsla, nemendur vinna í vinnubók skrifleg verkefni.

**Námsgögn**

Gott og gagnlegt 3

**Námsmat**

Frammistaða nemenda ásamt virkni og hegðun í tíma er metin til einkunar

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir önnina. Námsmat er skipt í leiðsagnarmat þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu og lokamat þar sem hæfni nemenda er metin eftir kennslulotu. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Sjónlist

**Kennari:** Silvia V. Björgvinsdóttir, 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

### Menntagildi :

Allir hlutir og öll verk byrja með hugmynd sem ekki verður virk nema henni sé miðlað á einhvern hátt. Í námsgreininni sjónlist er unnið með alla miðla þar sem hugmyndum er farvegur. Frá fornöld hafa sjónlistir haft félagsleg, fagurfræðileg og tilfinningarleg áhrif á fólk.

Að rýna í listaverk hjálpar okkur að skilja sögu, menningu og samfélagið í heild á sama tíma og hjálpar okkur að eflast sem persónur. Í sjónlist öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta unnið á gagrýnninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendur forsendum til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn.

Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímundunaraflsins.

Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólikum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnfram því að þróa með með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnninn skilning á heiminum. Með margvissri sjónlist er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt.

Í umræðum um sjónlist skapast tækifæri til að þjáfa orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tegnslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Eitt hlutverki menntunar er að læra að skilja þann heim sem við búum í. Í sjónlist er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.

## Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk
- fjallað um eigin verk og verk annarra í samtali við aðra nemendur
- eflt hugmyndaflug og sköpunarhæfileika
- aukið sjálfstraust og sjálfstæði til þess að geta skapað myndverk, hvort heldur er eftir eigin hugmynd eða fyrirmynd
- þekkt íslenska og erlendra listamenn og viti deili á þeim til þess að auka víðsýni sína og að tileinka sér hinar ýmsu stefnur myndlistar
- gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabíl verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð
- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun
- tjáð skaðarnir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu
- gert sér grein um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu
- greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverk
- gert sér grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar

## Kennsluhættir

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara. Sýnikennsla, kennari sýnir dæmi um verkefni (sýnishorn), hópverkefni, nemendur vinna saman í hóp eftir fyrirmælum kennara.

## Námsgögn

- Ljósritun og efni frá kennara
- bækur tengd greinarinnar
- kennslumyndbönd frá internet.
- „Íslensk Listasaga“. Listasafn Íslands. (Forlagið).
- „Listasaga frá Hellalíst til 1900“, Halldór Björn Rúnólfsson, (Námshagnastofnun)
- ýmiskonar pappír og efni til myndgerðar
- ýmsar tegundir teikniáhaldna t.d. blýantar, kol, krítar og penslar
- hringfarar og reglustikur

- ýmiskonar litir, t.d. trélitir og túss, málning
- Leir og efni til mótunar og glerungar

### **Námsmat**

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

### **Hönnun og smíði**

**Kennari:** Óskar Birgisson, 2 kennslustundir á viku.

#### **Hæfniviðmið**

#### **Handverk**

Að nemendur geti:

- valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki
- gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni

### **Hönnun og tækni**

Að nemendur geti:

- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki fyrir þrívídd verk
- útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu
- lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun
- nýtt sér grunnþætti hönnunar í eigin sköpun
- fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur



**Umhverfi:**

Að nemendur geti:

- gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem falla til í smíðastofunni
- gert við og endurnýtt eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra
- útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað
- lært að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og að nemendur sjái tækifæri með endurvinnslu og rækti með sér forvitni til að skapa eitthvað nýtt

**Kennsluhættir**

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara og koma einnig sínum hugmyndum á framfæri. Sýnikennsla, kennari sýnir hvernig á að vinna verkefni og sýnir sýnishorn.

**Námsgögn**

- Bækur tengdar greininni
- Trésmíði
- Nýsköpunarmennt
- Skógurinn og nýting hans
- Ljósrit af verkefnum
- Smíðæfni, tæki og áhöld greinarinnar

**Námsmat**

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Textílmennt

**Kennari:** Berglind Richardsdóttir, 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

### Hæfniviðmið

#### Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur geti:

- beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum
- unnið með einföld snið og uppskriftir
- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- unnið einföld verkefni í hóp
- gengið frá eftir vinnu sína

#### Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemendur geti:

- þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla
- útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum
- nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíl og textílvinnu

#### Menning og umhverfi

Að nemendur geti:

- fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni
- gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna
- sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir
- gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum

## Námsgögn

Ýmis textílefni, skæri, nálar, tvinnar, ullargarn og annað garn. Kennslumyndbönd, saumavél og önnur textílhöld.

## Kennsluhættir

Bein kennsla, og leiðbeiningar frá kennara. Hópverkefni, nemendur vinna saman í hóp að komast að lokaafurð. Samræðuaðferðir, kennarinn sýnir tiltekin vinnubrögð eða aðferðir, mikilvægt að ná athygli allra. Umræður, nemendur ræða sín á milli um hugmyndir og skiptast á að koma sínum hugmyndum á framfæri. Byggist á því að kennarinn beitir spurningum eða öðrum aðferðum til að skapa umræður um tiltekin viðfangsefni. Sýnikennsla, kennari er með innlögn, lýsingu og sýnir jafnvel hvernig hægt er að fara að. Nemendur fá að dýpka þekkingu og færni sína í því að þrjóna, hekla eða sauma. Afrakstur: t.d. hárband, húfa eða annað sem sem nemendum langar að skapa og fá samþykki kennara fyrir.

## Námsmat

Vinnubrögð: iðni, sjálfstæði, frumkvæði, leiðbeiningar

Samskipti: virðing, kurteisi, tillitsemi, umgengni, fyrirmæli

Mat á verkefni: færni, vandvirkni, frágangur, hraði

Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir önnina. Námsmat er leiðsagnamat þar sem nemendur fá leiðsögn við verkefnavinnu og lokamat er í samræmi við hæfniviðmið, þar sem hæfni nemenda er metin í tengslum við verkefni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

## Skólaíþróttir

### Íþróttir

**Kennari:** Steinþór Snær Þrastarson, 2 kennslustundir á viku.

### Hæfniviðmið

### Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Að nemendur geti:

- gert æfingar sem reyna á loftháð þol
- gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols
- gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu

- sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum
- tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu

### **Félagslegir þættir**

Að nemendur geti:

- sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda
- skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt
- rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttaumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi

### **Heilsa og efling þekkingar**

Að nemendur geti:

- gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja
- notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum
- tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu
- nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim
- sótt sér margvíslegar upplýsingar við undirbúning og úrvinnslu verkefna í skólaíþróttum og útivist
- notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu
- tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum
- tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna og ratað um landsvæði eftir korti

## Öryggis- og skipulagsreglur

Að nemendur geti:

- gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðir á þeim grunni
- beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sunði stutta sundleið

## Kennsluhættir

- Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrirmælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun. Dæmi um æfingar sem kennari leggur fyrir svo þau nái námsmarkmiðum eru t.d. sippa, kasta bolta, klifra í rimlum, hlaup, ganga á bekkjum, armbeygjur, kviðæfingar, eltingaleikir, boltaleikir o.s.frv.
- Í samræðum við nemendur eru m.a. umgengnisreglur, gildi líkamlegrar hreyfingar og íþróttamannsleg hegðun útskýrð

## Námsgögn

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

## Námsmat

Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni sem nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum, framkomu og umgengni.

## Sund

**Kennari:** Guðmundur Steinarsson/Ragnar Steinarsson, 1 kennslustund á viku.

## Hæfniviðmið

### Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Unnið eftir 7. sundstigi

Að nemendur geti:

- synt 300 m bringusund, tímamörk; synt á minna en 10 mín.
- synt 50 m skólabaksund (stílsund, einkunn gefin)
- synt 15 m björgunarsund með jafningja (stílsund, einkunn gefin)
- synt 8 m kafsund (stílsund, einkunn gefin)
- valið um, 50 m bringusund (tímataka) eða 25 m skriðsund (tímataka)
- synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka

### **Öryggis- og skipulagsreglur**

Að nemendur geti:

- gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni
- beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið

### **Kennsluhættir**

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Nemendur æfa sig í að synda langsund til að efla þol. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

### **Námsgögn**

- öll almenn áhöld sundlauga

### **Námsmat**

Frammistöðumat - virkni nemenda í tímum skráð til bókar

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 7. sundstigi